

Ed.

1006. Breytingartillögur

[431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBI, EKJ, JE, EG, VS).

1. Við 2. gr.
 - a. Við 1. másl. 1. mgr. bætist orðin: sbr. þó 3. mgr.
 - b. 1. másl. 3. mgr. orðist svo: Eftirtalin vinna, þjónusta og vara er undanþegin virðisaukaskatti.
 - c. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Starfsemi safna og bókasafna og hliðstæð menningarstarfsemi.
 - d. 8. tölul. 3. mgr. orðist svo: Fasteignaleiga, þar með talin leiga hótél- og gistiherbergja.
 - e. 12. tölul. orðist svo: Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.
 - f. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
15. Sala tímarita.
2. Við 9. tölul. 1. mgr. 12. gr. bætist orðin: svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.
3. Við 16. gr.
 - a. 6. tölul. 3. mgr. falli brott og 7. tölul. verði 6. tölul.
 - b. Í stað orðanna „7. tölul.“ í 6. mgr. komi: 6. tölul.
4. Við 41. gr. 3. másl. 4. mgr. falli brott.
5. Við 47. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um uppgjör, uppgjörstímabil og skil virðisaukaskatts af hráefni til fiskvinnslu í því skyni að jafna aðstöðu fyrirtækja á þessu sviði.
6. Við 48. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1989. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 30. júní 1989.
7. Í stað orðanna „31. október 1988“ í ákvæði til bráðabirgða II komi: 30. apríl 1989.
8. Við bætist nýtt bráðabirgðaákvæði, IV, og hljóði svo:
Prátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að eindagi söluskatts skuli vera allt að 20 dögum eftir gjalddaga hans. Nýti ráðherra þessa heimild ber að reikna dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960, 16. næsta mánaðar eftir gjalddaga söluskatts, sbr. 4. mgr. 12. gr. sömu laga.